



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð

Lögreglumaðurinn

Efnisskrá 1981-1992

Hulda Guðrún Bjarnadóttir

September 2010



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð

Lögreglumaðurinn

Efnisskrá 1981-1992

Hulda Guðrún Bjarnadóttir

September 2010

Leiðbeinandi: Áslaug Agnarsdóttir

Nemandi: Hulda Guðrún Bjarnadóttir

Kennitala: 220778-5259

ÚTDRÁTTUR

Verkefni þetta inniheldur lyklaðar bókfræðifærslur úr félagsblaðinu *Lögreglumaðurinn* sem Landssamband lögreglumanna gefur út og nær yfir árin 1981 til og með 1992, en útgáfa lá niðri frá árinu 1984-1987. Tilgangurinn með skránni er að auðvelda aðgang að efni blaðsins. Lögreglumenn og þeir sem hafa áhuga á starfs- og stéttarfélagsmálum Landssambands lögreglumanna geta því kynnt sér efni blaðsins á sem auðveldastan hátt. Allar greinar á þessu tímabili eru bókfræðilega skráðar, lyklaðar og gefin efnisorð. Í innganginum kemur fram hvernig verkefnið var unnið og umfang þess. Fjallað er stuttlega um félagsblaðið, sögu íslenskra lögreglumanna á Íslandi og Landssamband lögreglumanna. Í uppbyggingu og gerð skrárinnar eru að finna ítarlegar leiðbeiningar um notkun hennar og dæmi um útlit færslu. Öll þau hjálpargögn sem notuð voru við gerð verkefnisins er að finna í heimildaskránni. Skrárnar eru þrjár: aðalskrá, höfundaskrá og efnisorðaskrá. Í aðalskránni er að finna bókfræðilegar færslur um hverja grein, þar kemur fram: færslunúmer, nafn höfundar, titill greinarinnar, undirtitill (ef hann er til staðar), blaðsíðutal og lýsandi efnisorð um innihald greinarinnar. Í skránni er hvert tölublað tekið fyrir sig og í réttri tímaröð, það er að segja að elsta tölublaðið er fyrst og greinarnar í þeirri röð sem þær koma fyrir í tölublaðinu. Í höfundaskrá eru nöfn allra höfunda og ábyrgðaraðila greinanna sem eru að finna í aðalskránni og er þeim raðað í stafrófsröð. Efnisorðaskráin inniheldur öll efnisorðin sem notuð voru í aðalskránni og eru þau í stafrófsröð.

HGB

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Lögreglumaðurinn.....	4
3. Fyrstu lögreglumennirnir á Íslandi.....	4
4. Landssamband lögreglumanna.....	5
5. Uppbygging og gerð skrárinnar	8
5.1 Aðalskrá.....	8
5.2 Höfundaskrá	10
5.3 Efnisorðaskrá.....	11
6. Lokaorð.....	12
7. Heimildaskrá	13
8. Aðalskrá	14
9. Höfundarskrá.....	53
10. Efnisorðaskrá.....	59

1. Inngangur

Skrá þessi er lokaverkefni til BA prófs í bókasafns- og upplýsingafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Þetta verkefni var unnið fyrst og fremst fyrir lögreglumenn og starfsmenn Landssamband lögreglumanna (hér eftir einnig skrifað L.L.). Einnig ætti þetta verkefni að gagnast þeim sem leita sér að upplýsingum um starf og stéttarfélagsmál Landssambands lögreglumanna.

Skráin nær yfir árin 1981 til og með 1992 en útgáfa lá niðri frá árinu 1984-1987. Tölublöðin eru alls 17 talsins og urðu fjöldi færslna 406 talsins. Vinnsla verkefnisins fór fram á tímabilinu janúar 2009 til september 2010 og var unnið undir leiðsögn Áslaugar Agnarsdóttur sem fær kærar þakkir fyrir góða leiðsögn, mikla þolinmæði og gott samstarf. Þakkir fær líka Stefanía Vigfúsdóttir skrifstofustjóri hjá Landssambandi lögreglumanna fyrir að lána höfundu innbundin eintök af félagsblaðinu *Lögreglumaðurinn*. Síðast en ekki síst vill höfundur þakka fjölskyldu sinni fyrir ómældan stuðning og þolinmæði.

Verkefnið inniheldur þrjár skrár: aðalskrá, höfundaskrá og efnisorðaskrá. Aðalskráin inniheldur bókfræðilegar upplýsingar um greinarnar og þau efnisorð sem þeim var gefið. Höfundaskrá inniheldur nöfn allra höfunda og ábyrgðaraðila greinanna sem eru í aðalskránni. Efnisorðaskráin inniheldur öll þau efnisorð sem notuð voru í aðalskrá. Í skránni er einnig að finna önnur efnisorð sem ekki voru notuð í aðalskrá en notendum gæti fletta upp, frá þeim er svo vísað í rétt efnisorð.

Fjallað verður stuttlega um félagsblaðið *Lögreglumaðurinn*, fyrstu lögreglumennina á Íslandi og Landssamband lögreglumanna. Gerð er grein fyrir uppbyggingu og gerð skrárinnar ásamt leiðbeiningum um notkun hennar. Farið er yfir hverja skrá fyrir sig og sýnd dæmi um færslur í þeim. Í heimildaskrá er að finna öll þau hjálpargögn sem notuðu voru við gerð verkefnisins.

2. Lögreglumaðurinn

Lögreglumaðurinn er félagsblað sem fjallar um málefni sem snýr að starfi lögreglunnar og stéttarfélagsmálum þeirra, einnig skipa hin ýmsu íþróttafélög lögreglunnar stóran hlut í blaðinu. Útgáfa blaðsins hófst fyrst árið 1981 undir nafninu *Lögreglumaðurinn* og hefur nafnið haldist óbreytt til dagsins í dag. Fyrstu árin í útgáfu voru stopul, einungis eitt tölublað kom út fyrsta árið og svo eitt tölublað á ári næstu tvö árin. Útgáfan lá niðri frá árinu 1984 til 1988. Eitt tölublað kom út árið 1988 en það var *Landssamband lögreglumanna 20 ára: 1968-1988: afmælisrit*. Árið 1989 komu út tvö tölublöð en árið 1990 komu út þrjú tölublöð og aukablað sem gefið var út vegna Lögregludagsins. Síðan árið 1990 hefur blaðið komið út þrisvar á ári reglulega. Árið 1994 fór blaði einnig að koma rafrænt á heimasíðu Landssambands lögreglumanna www.ll.bsrb.is en þar eru þau á PDF-sniði og verður notandi að hafa Acrobat Reader forritið frá Adobe til þess að geta hlaðið þau niður. Ef notandi hefur ekki það forrit þá er að finna hlekk á síðunni sem leyfir manni að hlaða niður forritinu frítt.

Jónas Jónasson var ábyrgðarmaður fyrstu þriggja tölublaðanna en hann var einnig þáverandi formaður L.L. Hrafn Marinósson var ábyrgðarmaður tölublaðsins árið 1983 en hann var þáverandi formaður L.L. Ábyrgðarmaður og ritstjóri 20 ára afmælisrit L.L. var Theódór Þórðarson. Garðar Kristjánsson var ábyrgðarmaður og ritstjóri fyrsta tölublaðsins árið 1989. Guðmundur Gígja var ábyrgðarmaður og ritstjóri frá öðru tölublaði árið 1989 til ársins 1992. L.L. og Dómsmálaráðuneytið voru útgefendur að fyrstu þremur tölublöðunum en eftir það hefur L.L. séð eingöngu um útgáfu blaðsins. Þessar upplýsingar er að finna á fyrstu blaðsíðu í hverju tölublaði.

3. Fyrstu lögreglumennirnir á Íslandi

Fyrstu lögreglumenn á Íslandi voru ekki lögreglumenn í hefðbundnum skilningi, heldur í raun næturverðir í Reykjavík. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær fyrstu næturverðirnir hafi byrjað að starfa en trúlega í kringum árin 1768-1778. Líkt og nútímalögreglumenn þá höfðu næturverðir staðlaðan búnað en hann samanstóð af: lukt, stundarglasi, morgunstjörnu (gaddakúla á stafi), vaðmálskápu og höfuðbúnað en annars þurftu þeir að nota sín eigin föt. Eins og sést í erindabréfi sem verksmiðjuforstjórinn H.C. Christensen skrifaði til næturvarða árið 1778 þá voru skyldur og hlutverk næturvarðanna í grundvallar atriðum ekki svo ólík skyldum og hlutverki nútíma lögreglumanna en í bréfinu kemur fram að:

„...þeir skuli halda uppi gangandi eftirlit allsstaðar í Reykjavík og við sjóinn, vakta bátana og líta eftir eldi, ljósi, þjófnum og öðrum tilfallandi sköðum. Þá áttu þeir gaumgæfilega að spyrja fólk erinda að næturlagi og tilkynna verksmiðjuforstjóranum ef þeir yrðu varir við að tugthúslimir eða

aðrir grunsamlegir menn sæjust á hlaupum, hefði í frammi hark, hávaða eða aðra óskikkanlega háttsemi. Þá skyldu þeir fylgjast vel með því að ekki væri farið óvarlega með eld eða ljós og tilkynna verksmiðjuforstjóranum allt slíkt.“ (Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, 1997, bls. 17).

Reykjavík á þessum tíma var þéttbýli með iðnaði og því hafði verksmiðjuforstjóri ákveðið lögregluvald og skyldur og gat því sektað menn fyrir að fara óvarlega með eld. Hræðsla við eld var aðalástæðan fyrir því að næturvörslu var fyrst komið á en eldur í þéttbýli á þessum tíma gat valdið miklu tjóni og hætta var á því að allur bærinn brynni til kaldra kola ef eldur kæmi upp.

Það var ekki fyrr en árið 1791 sem Skúli Magnússon fógeti skipaði formlegan næturvörð til löggæslu en fram að því höfðu næturveiðir verið kostaðir af verksmiðjunum eða af sjálfum íbúunum. Samkvæmt konungsúrskurði þann 15. apríl árið 1803 var Reykjavík gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi. Þá var skipaður bæjarfógeti og tveir lögregluþjónar og má segja að þarna hafi alvöru löggæsla í raun fyrst komið fram í Reykjavík (Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, 1997, bls 16-19, 34).

4. Landssamband lögreglumanna

Eins og kom fram hér á undan þá spannar saga lögreglunnar á Íslandi yfir 200 ár en eins og með margar aðrar starfsstéttir á Íslandi þá var ekki stofnað stéttarfélag fyrir lögreglumenn fyrr en á tuttugustu öldinni eða 16. desember árið 1936 en það var Lögreglufélag Reykjavíkur (hér eftir einnig skrifað L.R.). Eftir það kom upp sú hugmynd að stofna lögreglufélag fyrir landið allt en af einhverjum ástæðum var henni ekki fylgt eftir.

Þann 14. febrúar 1942 var Bandalag starfsmanna ríkis og bæjar stofnað og var L.R. eitt af stofnfélögum þess. Nokkrum árum seinna árið 1949 er Lögreglufélag Suðurnesja (L.S.) stofnað og árið 1955 var Lögreglumannafélag Hafnarfjarðar (seinna Lögreglufélag Hafnarfjarðar) stofnað (L.H.). Árið 1966 endurvekur Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn í Reykjavík upp þá hugmynd að stofna Lögreglusamband fyrir landið allt. Skipuð var nefnd á aðalfundi L.R. árið 1967 sem skoða átti grundvöll fyrir stofnun slíks sambands og var rætt við ýmsa fulltrúa lögreglunnar frá nálægum bæjarfélögum Reykjavíkur. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að L.R. ætti að vinna í því að stofna Landssamband fyrir lögreglumenn. Var það samþykkt á aðalfundi L.R. í febrúar árið 1968 og í september sama ár var stofnuð undirbúningsnefnd. Einnig var ákveðið að vinna að stofnun fleiri lögreglufélaga í hverju umdæmi um allt land.

Þann 1. desember árið 1968 var Landssamband lögreglumanna stofnað og voru aðildarfélögin þá níu talsins. Fyrsti formaður L.L. var Jónas Jónasson og með honum í stjórn voru þeir Kristján Sigurðsson, Bogi Jóhann Bjarnason og Ólafur Guðmundsson. Í varastjórn voru þeir Axel Kvaran, Gísli Guðmundsson og Tómas Jónsson. Helstu markmið sambandsins voru að sjálfsgöðu kjaramál en einnig starfsskyldur, réttindi sem og mennta- og eftirlaunamál lögreglumanna.

Lögreglan var rekin af sveitarfélögum þar til ársins 1972 þegar Alþingi samþykkti lög um lögreglumenn og færðist lögreglan þá til ríkis. Á þeim tíma var Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (hér eftir einnig skrifað B.S.R.B.) með samningsréttinn og samdi um aðalkjarasamninga en sum stéttarfélög voru með sérkjarasamninga. Árið 1986 var lögum um samningsrétt breytt og færðist þessi réttur þá til hvers stéttarfélags fyrir sig (Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr 94/1986, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1986094.html>).

Starf L.L. hefur í gegnum tíðina skilað góðum árangri þótt sum baráttumál hafi tekið ansi langan tíma og misjafn árangur náðst í þeim. Þó eru ekki allir sammála um hvernig L.L. hefur tekist til með verkfallsrétt lögreglumanna.

„ Það lá í loftinu 1986 að Alþingi hygðist leggja bann við verkföllum lögreglumann. Verkfallsréttinum hafði þó ekki verið hægt að beita sem slíkum en athygli hafði vakið, ekki síst erlendis, virk þátttaka lögreglumanna í verkfallsaðgerðum BSRB. Forystan á þeim tíma kaus að ræða leiðir sem komið gætu í stað verkfallsréttar og var fundin sú lending að sérstakur viðmiðunarsamningur var felldur inn í kjarasamning þar sem Hagstofan átti að meta út frá ákveðnum forsendum hvort lögreglumenn hefðu haldið kjaralegri stöðu sinni miðaða við valda hópa og yrði niðurstaðan neikvæð skyldi þeim bættur mismunurinn frá þeim tíma sem hans varð vart. Í fyrstu voru vanefndir af hálfu viðsemjandans, útreikningar fóru ekki fram og seint og um síðir voru þeir gerðir en ekki virtust aðilar þá á einu máli um forsendur útreikninga. Árið 1992 var ákveðið að leggjast í rannsókn á tilurð samningsins og þeirra forsendna sem honum var ætlaða að uppfylla. Var þá skipaður sérstakur vinnuhópur sem hafði það verkefni að fara yfir stöðu mála frá upphafi og að tillögu fjármálaráðuneytisins var Þóri Einarssyni, prófessor við Háskóla Íslands og síðar Ríkissáttasemjara, falið að veita starfshópnum formennsku. Aðrir í hópnum voru Jónas Magnússon og Krisján Kristjánsson frá LL og Indriði Þorláksson og Benedikt Jóhannesson frá fjármálaráðuneyti. Undir dyggri forystu Þóris komst hópurinn loks að niðurstöðu og hækkuðu grunnlaun nokkuð, afturvirktil til þess tíma sem mismunur var talinn rakinn til. Þetta fyrirkomulag átti um nokkurra ára tímabil eftir að virka og skilaði stéttinni nokkrum kjarabótum á komandi árum. Það var hins vegar ljóst að samningurinn var þyrnir í augum viðsemjandans og var hann í byrjun þessarar aldar felldur brott úr kjarasamningi, þó að segja megum að hann hafi verið keyptur

fyrir nokkrar bætur. Leifar hans eru þó enn til staðar og heimilt að efna til rannsókna á kjörum lögreglumanna og annarra, og leiði niðurstaðan í ljós að hallað hafi á lögreglumenn, skal það notað til viðmiðunar í komandi kjaraviðræðum aðila. Ekki hefur enn reynt á þetta fyrirkomulag.“ (Jónas Magnússon, 2008, <http://ll.bsrb.is/umll/saga-ll>).

Ekki eru allir lögreglumenn sáttir við að hafa misst verkfallsréttinn og vilja vinna í því að fá hann aftur til þess að styrkja stöðu sína í kjarasamningum. Þrátt fyrir að L.L. hafi unnið hörðum höndum að því að bæta kjaramál lögreglunnar og náð miklum árangri, þá má segja að laun lögreglumanna í dag séu lág miðað við vinnutíma, menntun og áhættuna sem felst í starfinu. Starfið hefur mikil áhrif á einkalíf og fjölskyldu lögreglumanna, vaktavinna veldur því að lögreglumaður er ekki á sömu tímaáætlun og aðrir fjölskyldumeðlimir, t.d. fer að sofa þegar aðrir eru að vakna. Einnig kemur það fyrir að lögreglumaður verður að vinna á hátíðisdögum þegar flestir eru í frí, t.d. á jólunum. Fjölskylda lögreglumanns getur einnig orðið fyrir ónæði af þeim sem hann hefur þurft að hafa afskipti af í vinnunni, þeim jafnvel hótad. Hins vegar hefur L.L. náð mjög góðum árangri með starfsréttindi og menntamál lögreglunnar, þó alltaf megi gera betur.

Fyrsta húsnaði L.L. var að Rauðarárstíg 16 og var það tekið í notkun árið 1976 en fram að þeim tíma hafði félagið verið húsnaðislaust. Árið 1978 flutti svo félagið í húsnaði við Grettisgötu 89 og hefur verið þar síðan þá (Jónas Magnússon, 2008, <http://ll.bsrb.is/umll/saga-ll>).

Heimasíða L.L. er að finna á <http://ll.bsrb.is/>, þar er að finna allar upplýsingar um félagið t.d. starfsemi, stjórn og sögu þess auk annars efnis eins og lög og reglugerðir, ræðu- og greinasafn félagsins og margt fleira.

Í stjórn L.L. í dag eru þeir Snorri Magnússon formaður, Loftur Krisjánsson varaformaður og gjaldkeri og Frímenn B. Baldursson ritari. Meðstjórnendur eru þau Einar Júlíusson, Gísli Jökull Gíslason, Guðmundur Fylkisson, Gylfi Þór Gíslason, Heiða Rafnsdóttir, Kristján Örn Kristjánsson, Magnús Jónasson, Óskar Þór Guðmundsson, Ragnar Kristjánsson, Ríkharður Örn Steingrímsson, Runólfur Þórhallsson, Vilhjálmur Árnason og Þórir Björgvinsson (Landssamband lögreglumanna, án dags., <http://ll.bsrb.is/umll/stjorn-og-starfsm-ll>). Stjórnin er kosin til tveggja ára í senn á þingi L.L. Fjöldi félagsmanna voru um 720 manns þann 1. september 2008 (Landssamband lögreglumanna, án dags., <http://ll.bsrb.is/umll>).


5. Uppbygging og gerð skrárinnar

Skrá þessi nær yfir ellefu ára tímabil, frá árinu 1981 til og með árinu 1992 og er fjöldi tölublaða alls sautján. Lyklaðar voru allar greinar nema leiðarar, auglýsingar, myndir, vísur, brandarar og ýmsir listar. Í aðalskránni eru alls 407 færslur og sýnir hver færsla bókfræðilegar upplýsingar greinarinnar og þau efnisorð sem greininni var gefið. Auk aðalskrár er efnisorðaskrá en þar er að finna öll þau efnisorð sem notuð voru í aðalskránni auk annarra orða sem leiðbeina notandanum á rétt efnisorð.

Byrjað var á því að fara í gegnum öll tölublöðin og skrá bókfræðilegar upplýsingar allra greina sem ætlunin var að lykla á Word skjal til þess að fá hugmynd um fjöldi færslna. Síðan var hver grein lesin og gefin lýsandi efnisorð sem voru skrifuð á post-it miða og sett við greinina. Þannig var hvert tölublað unnið og efnisorðin síðan endurskoðuð áður en þau voru færð inn í skrána, fjöldi efnisorða eru frá 1 upp í 33.

5.1 Aðalskrá

Í aðalskránni er hvert tölublað tekið fyrir sig og er elsta tölublaðið fyrst (1981) og endað á síðasta tölublaði ársins 1992. Greinarnar eru í tímaröð innan hvers tölublaðs, það er að segja fyrsta færslan er fyrsta greinin í tölublaðinu og síðasta færslan síðasta greinin. Færslurnar eru merktar með hlaupandi númerum frá 1-406. Færslunúmer og nafn höfundar eru feitlettuð. Fyrir neðan höfund kemur titill greinarinnar sem er skáletrað en eftir það kemur blaðsíðutal í eðlilegu lettri. Fyrir neðan koma svo efnisorðin sem eru röðuð í stafrófsröð og aðskilin með skástriki. Sjá dæmi fyrir neðan.



Ef grein er höfundarlaus þá er hún skráð á titil greinarinnar. Sjá dæmi fyrir neðan.

14. *Hvíldatímaákvæði.* Bls. 17.

hvíldartímar

Mikið var af höfundarlausum smágreinum undir t.d. félagsfréttum og Íþróttasambandi lögreglumanna var því ákveðið að sameina þær greinar í eina færslu, þar sem sérstaklega félagsfréttir höfðu sömu efnisorðin oft á tíðum. Sjá dæmi fyrir neðan.

249. *Félagafréttir: Lögreglufélag Gullbringusýslu; Lögreglufélag Vesfjarðar; Lögreglufélag Þingeyinga; Lögreglufélag Kópavogs; Lögreglufélag Vestmannaeyjar.* Bls. 27.

fundir / L.G. / L.K. / L.V. / L.V.F. / Lögreglufélag Þingeyinga

Þær greinar sem eru skrifaðar um atburði sem gerast erlendis fá efnisorð eftir heiti landanna en ekki bæjar-, borgar- eða staðarheitum. Sjá dæmi fyrir neðan.

83. **Dóra Hlín Ingólfssdóttir.**

Kynnisferð til Osló. Bls. 34-35.

ferðalög / kynferðisafbrot / Noregur/ sífjaspell / starfsemi

Greinar sem eru skrifaðar um atburð sem gerist hér á Íslandi fá bæjar- borgar- og staðar heiti ef það kemur fyrir í greininni. Sjá dæmi fyrir neðan.

135. **Guðni Aðalsteinsson.**

Þankabrot úr starfi lögreglunnar í Ólafsfirði. Bls. 12.

dreifbýli / fréttáflutningur / Ólafsfjörður / starfshættir / vinnuaðstaða

5.2 Höfundaskrá

Höfundaskrá er raðað í stafrófsröð og inniheldur nöfn höfunda og ábyrgðaraðila greinanna. Við hvert nafn er að finna færslunúmer sem vísar á færslu í aðalskránni, sjá dæmi fyrir neðan.



Íslenskum nöfnum er raðað eftir fornafni en erlendum eftir eftirnafni. Vísað er frá fornafni erlendra nafna til eftirnafns með tilvísunni *sjá*. Sjá dæmi fyrir neðan.

Sven Wilhborg *sjá* Wilhborg, Sven

Einstaka skammstafanir er að finna í höfundaskrá og ef vitað er hvaða nafn sú skammstöfun á við, er vísað frá þeim til nafnsins með tilvísunin *sjá*. Sjá dæmi fyrir neðan.

G.G. *sjá* Guðmundur Gígja

Höfundar eða ábyrgðaraðilar skrifa nafn sitt oftast eins en það koma einstaka greinar þar sem að nafninu er breytt, t.d. millinafni bætt í eða tekið úr. Þá er vísað í það nafn sem höfundur eða ábyrgðaraðili hefur oftast notað og er þekktastur undir með tilvísunni *sjá*. Sjá dæmi fyrir neðan.

Jónas S. Magnússon *sjá* Jónas Magnússon

Ef höfundur eða ábyrgðaraðili notar tvö nöfn eða fleiri og ekki er hægt að sjá hvaða nafn hann notar oftast eða er þekktastur fyrir. Þá er vísað frá nöfnum sem eru stytt til fulls nafns með tilvísunni *sjá*. Sjá dæmi fyrir neðan.

Ó.G. *sjá* Ólafur K. Guðmundsson

Ólafur Guðmundsson *sjá* Ólafur K. Guðmundsson

5.3 Efnisorðaskrá

Í efnisorðaskránni er að finna öll þau efnisorð sem notuð voru í aðalskránni, þeim er raðað í stafrófsröð og fyrir aftan hvert efnisorð er að finna færslunúmer þeirra greina sem voru gefin þetta efnisorð. Sjá dæmi fyrir neðan.

Suður Múlasýsla

15, 29

Efnisorðin voru valin með hjálp rafrænni útgáfu *Kerfisbundins efnisorðalykils fyrir bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar og Heildarviðbætur og breytingar 2004-2010* eftir Þórdísi T. Þórarinsdóttur og Margréti Loftsdóttur. Ef orð sem tengjast lögreglunni fundust ekki í Kerfisbundna efnisorðalyklinum þá voru ný efnisorð fundin með hjálp ritanna: *Íslensk orðabók*, Mörður Árnason ritstj., *Íslensk samheitaorðabók*, Svavar Sigmundsson ritstj. og *Heimildaskráning – aðferðir við athugun heimilda, greiningu á efni þeirra og val efnisorða* (ÍST ISO 5963) gefið út af Staðlaráði Íslands.

Ákveðið var að nota skammstafanir sem efnisorð í skránni þar sem að í daglegu tali innan lögreglunnar eru skammstafanir ýmissa félaga, stofnanna og samtaka mikið notað. Vísað er frá fullu heiti félags, samtaka og stofnanna til skammstöfunar með tilvísuninni *sjá*. Sjá dæmi fyrir neðan.

Alþýðusamband Íslands

sjá A.S.Í.

Í skránni er einnig að finna orð sem talið er líklegt að notandi leiti eftir en eru ekki notuð sem efnisorð, þá er vísað frá þeim með tilvísuninni *sjá* í viðeigandi efnisorð. Sjá dæmi á næstu síðu.

bifeiðar

sjá bílar

Tilvísunin *sjá einnig* er notuð til þess að benda notandanum á önnur efnisorð sem eru svipuð. Sjá dæmi fyrir neðan

skólar

sjá einnig lögregluskólar

6. Lokaorð

Ég ákvað að lykla félagsblaðið *Lögreglumaðurinn* aðallega þar sem að unnusti minn er lögreglumaður. Vinna hans hefur mikil áhrif á fjölskyldulíf okkar og hef ég á tíðum verið óánægð með það. Unnusti minn hefur yfirleitt mikla ánægju af vinnu sinni þrátt fyrir leiðinlegan vinnutíma og léleg laun, þess vegna taldi ég að það væri gott fyrir mig að kynna mér nánar vinnu hans. Það hefur auðveldað mér vinnuna við skrána að hafa beinan aðgang að lögreglumanni og fékk ég þannig gott innsýn í málefni lögreglunnar. Þrátt fyrir að það hefur tekið langan tíma að koma þessu verkefni saman þá hefur það í heildina verið mjög áhugavert, fræðandi og aukið skilning minn á málefnum lögreglunnar. Ég vona að þessi skrá eigi eftir að koma lögreglumönnum og þeim sem hafa áhuga á málefnum þeirra að góðum notum.

7. Heimildaskrá

- Efnisorðaráð. (2010). *Kerfisbundinn efnisorðalykill – Heildarviðbætur og breytingar 2004-2010 – 4. mars 2010*. Sótt maí 2010 af vef Landskerfi bókasafna: http://www.landskerfi.is/skjol/efnisord/KE3_vidbaetur_2004_2010_abc_110.pdf
- Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2002). *Gagnfræðikver handa háskólanemum* (3. útg.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gegnir. (án dags.). Sótt september 2010 af vef Gegnis: <http://gegnir.is>
- Jónas Magnússon. (2008). *Landssamband lögreglumanna: Forysta í 40 ár*. Sótt maí 2010 af vef Landssamband lögreglumanna: <http://ll.bsrb.is/umll/saga-ll>
- Landssamband lögreglumanna (án dags.). *Stjórn Landssambands lögreglumanna*. Sótt september 2010 af vef Landssambands lögreglumanna: <http://ll.bsrb.is/umll/stjorn-og-starfsm-ll>
- Landssamband lögreglumanna (án dags.). Um LL. Sótt september 2010 af vef Landssambands lögreglumanna: <http://ll.bsrb.is/umll>
- Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr 94/1986*. Sótt september 2010 af vef Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1986094.html>
- Mörður Árnason (ritstj.). (2007). *Íslensk orðabók* (4. útg., byggð á 3. prentun frá 2005 með allnokkrum breytingum). Reykjavík: Edda.
- Staðlaráð Íslands. (1992). *Heimildaskráning – leiðbeiningar um gerð og þróun kerfisbundinna efnisorðaskráa á einu tungumáli* (ÍST 90 ISO 2788: 1986). Reykjavík: Staðlaráð Íslands.
- Staðlaráð Íslands. (1994). *Heimildaskráning – aðferð við athugun heimilda, greiningu á efni þeirra og val efnisorða* (ÍST ISO 5963: 1985 – Íslenskur staðall). Reykjavík: Staðlaráð Íslands.
- Svavar Sigmundsson (ritstj.). (2002). *Íslensk samheitaorðabók* (5. útg.). Reykjavík: Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands: Mál og menning.
- Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson. (1997). *Lögreglan á Íslandi: stéttartal og saga*. Reykjavík: Byggðir og bú ehf.
- Þórdís T. Þórarinsdóttir og Margrét Loftsdóttir. (2010). *Kerfisbundins efnisorðalykils fyrir bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar*. (rafræn útg.). Reykjavík: Höf. Sótt janúar 2009 – september 2010 af vef Landskerfi bókasafna: <http://www.landskerfi.is/php/efnisord.php>

8. Aðalskrá

Lögreglumaðurinn.

1981 - 1. tbl.

1. **Guðmundur Gígja**

Félag rannsóknarlögreglumanna í Reykavík. Bls. 4.

ágreiningur / Félag rannsóknarlögreglumann í Reykjavík / kjaramál / stofnsetning

2. **Tryggvi Kristvinsson**

Fréttir frá Húsavík. Bls. 4.

frétttaflutningur / Húsavík / starfsemi

3. **Friðjón Þórðarson**

Menntun lögreglumanna. Bls. 5.

inntökuskilyrði / lögregluskólar / starfsmenntun

4. **Jón Eysteinnsson**

Nýja Lögreglustöðin í Keflavík. Bls. 6-7.

fjármögnun / heilbrigðiseftirlit / húsakynni / húsasmíði / Keflavík / lögreglustöðvar

5. **Jónas Jónasson**

Formannshlutur. Bls. 7.

L.L / L.R. / úrsagnir

6. *Sextugsafmæli: Olavi Martikainen.* Bls. 8.

afmæli / Finnar

7. **Jóhannes Jónasson**

Vandframkvæmd vökulög: Vinnuverndarlögin nýju og vinnutíma ákvæði þeirra. Bls. 8-9.

ágreiningur / B.S.R.B. / kjarasamningar / vaktavinna / vinnuvernd / vökulögin

8. **Jónas Jónasson**

Samningarnir og ferill þeirra. Bls. 10-11.

ferlar / kjarabarátta / L.L. / sérkjarasamningar

9. *Sérkjarasamningur.* Bls. 10-12.

sérkjarasamningar

10. *Fundafréttir (113.- 116. fundur).* Bls. 12-13.

B.S.R.B./ Dagblaðið / einkennisbúningar / fundir / húsakynni / kjarasamningar / L.A. / L.L. / L.R. / L.V. / reikningar / sjúkraflutningar / uppsagnir / úrsagnir

- 11. Guðmundur Gígja**
Öryggismálaráðstefnan. Bls. 14-15.
fyrirlestrar / heilsufar / húsakynni / hvíldartímar / L.L. / lögreglubílar / mannaflí / niðurskurður / tækjabúnaður / vaktavinna / þjálfun / öryggismál
- 12. Hjalti Zóphaníasson** (Rétt Zóphóníasson)
Réttindi og skyldur lögreglumanna: Hugleiðingar um agabrot lögreglunnar. Bls. 16-17.
agabrot / refsingar / siðferði / skyldur
- 13. Framkvæmdastjóri ráðinn.** Bls. 16.
L.L. / starfsráðningar
- 14. Hvíldatímaákvæði.** Bls. 17.
hvíldartímar
- 15. Erlendur S. Baldursson**
Viðhorf almennings til lögreglunnar. Bls. 18-25.
almenningsálit / Reykjavík / skoðanakannanir / Suður Múlasýsla / Vestmannaeyjar

1981 - 2. tbl.

- 16. Jóhannes Jónasson**
Vökulögin: Vinnutímamál og deilur um vaktakerfi lögreglunar í Reykjavík og Akureyri. Bls. 4.
A.S.Í. / Akureyri / ágreiningur / B.S.R.B. / kjarasamningar / L.R. / Reykjavík / vaktavinna / vinnuvernd / vökulögin
- 17. Tómas Jónsson**
Fundarfréttir: Yfirlit yfir helstu mál til afgreiðslu hjá LL. Bls. 5.
félagsstörf / fundir / kjaramál / L.L. / L.R.
- 18. Guðmundur Gígja**
Framtíðarskipulag LL. Bls. 6.
fjölganir / fundir / kosningar / L.L. / skipulagsbreytingar / stjórnendur / tekjur
- 19. Geir Jón Þórisson**
Frá aðildarfélögum. Bls. 6.
fundir / kosningar / L.L. / L.S. / L.V.F. / sameiningar
- 20. Jónas Jónasson**
Formannshlutur. Bls. 7.
A.S.Í. / ágreiningur / B.S.R.B. / kjarasamningar / L.L. / L.R. / launajöfnuður / úrsagnir

- 21. Tómas Jónsson**
Aðstæður lögreglunnar í Árnessýslu. Bls. 8-9.
Árnessýsla / húsakynni / Selfoss / vinnuaðstaða / öryggismál
- 22. Sæmundur Guðmundsson**
Heimsókn danskra lögreglumanna. Bls. 9.
D.K. / D.P. / ferðalög / fundir / L.L. / L.R. / norræn samvinna
- 23. Jónas Jónsson**
Rannsóknarlögreglusamningarnir. Bls. 10-11.
B.S.R.B. / F.R.R. / kjarasamningar / L.L. / L.R. / lög / R.L.R.
- 24. Kynnisferðir og námskeið sem lögreglumenn hafa sótt frá árinu 1977.** Bls. 11.
ferðalög / námskeið
- 25. Lífeyrisréttindakaup.** Bls. 12.
B.S.R.B./ kauparéttarsamningar / kjarasamningar / lífeyrismál
- 26. Gísli Björnsson**
Fíkniefnamál: Lögreglan í Reykjavík. Bls. 13.
fíkniefnahundar / fíkniefnaneysla / fíkniefni / kannabisefni / Reykjavík
- 27. Óskar Þórmundsson**
Fíkniefnamál: Lögreglan í Keflavík. Bls. 13.
fíkniefnahundar / fíkniefnaneysla / fíkniefni / kannabisefni / Keflavík
- 28. Óskar Bjartmarz**
Íþróttastarf innan lögreglunnar. Bls. 14-15.
handbolti / Í.F.L. / íþróttáþjálfarar / knattspyrna / Norðurlandamót / stofnsetning / öldungamót
- 29. Erlendur S. Baldursson**
Samskipti almennings og lögreglunnar. Bls. 16-21.
almenningsálit / Reykjavík / skoðanakannanir / Suður Múlasýsla / Vestmannaeyjar
- 1982 - 3. tbl.**
- 30. Jóhannes Jónasson**
Vaktavinna er heilsuspillandi. Bls. 4-5.
heilsufar / rannsóknir / svefn / vaktavinna

- 31. Arnar Jensson**
Launakjör manna í fámennum lögregluliðum. Bls. 6-7.
hérðaslögreglumenn / L.A. / L.L. / launajöfnuður / lögregluvarðstjórar / sérkjarasamningar
- 32. Jónas Jónasson**
Formannshlutur. Bls. 7.
A.S.Í. / B.S.R.B. / kjarasamningar / sérkjarasamningar / V.S.Í. / starfsmenntun
- 33. Helgi Daníelsson**
Vinum að auknum íþróttæfingum meðal lögreglumanna. Bls. 8-9.
golf / heilsufar / knattspyrna / landsmót / R.L.R. / stofnsetning / þjálfun
- 34. Björn Sigurðsson**
Frá samningamanni. Bls. 9.
A.S.Í. / B.S.R.B. / kjarasamningar / L.L. / L.R. / Ólafslög (nr. 13/1979) / sérkjarasamningar
- 35. Agnar Angantýsson**
Lögreglan í Vestmanneyjum. Bls. 10.
húsakynni / lögreglubílar / Vestmannaeyjar / vinnuaðstaða
- 36. Fréttatilkynning.** Bls. 10.
L.L./ L.R. / sérkjarasamningar / fréttaflutningur
- 37. Skýrsla stjórnar Landsambands lögreglumanna 1980-1982.** Bls. 11-21.
A.S.Í. / ágreiningur / ályktanir / B.S.R.B. / blaðaútgáfa / einkennisbúningar / F.R.R. / fundir / húsakynni / innganga / inntökuskilyrði / kjarasamningar / kosningar / L.L. / L.R. / Lífeyrisþegadeild LL / lög / Lögreglufélag Akraness / manntöl / N.P.I.F. / norræn samvinna / R.L.R. / reglugerðir / S.L.R.B. / samvinna / sérkjarasamningar / stofnsetning / tækjabúnaður / U.I.S.P. / úrsagnir / vinnuaðstaða / vinnuvernd / öryggismál
- 38. Ólafur K. Guðmundsson**
Frá gjaldkera. Bls. 20.
fjárhagsáætlanir / fundir / L.L.
- 39. Athugun á búnaði og starfsaðstöðu lögreglumanna.** Bls. 22.
skýrslur / tækjabúnaður / vinnuaðstaða
- 40. Tillögur um búnað lögreglustöðva.** Bls. 22.
lögreglustöðvar / skýrslur / vinnuaðstaða/ öryggismál
- 41. Búnaður lögreglubífreidda.** Bls.23.
bílabúnaður / lögreglubílar / skýrslur / öryggismál

42. *Lög fyrir Landsamband lögreglumanna.* Bls. 24-25.
L.L. / lög
43. **Hjalti Zóphóníasson** (Rétt Zóphóníasson)
Reglugerð: Nr. 660/1981 um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o.fl. Bls. 26-31.
endurmenntun / framhaldsnám / inntökuskilyrði / lög / lögregluskólar / námsgreinar /
reglugerðir / skýrslugerð / starfsráðningar / starfsmenntun
- Friðjón Þórðarson og Hjalti Zóphóníasson**
44. *Reglugerð : um héraðslögreglumenn og aðra afleysingamenn í lögreglustarfi.* Bls. 31.
afleysingarmenn / héraðslögreglumenn / reglugerðir / skyldur / starfsráðningar /
starfsmenntun

1983 - 1. tbl.

45. **Magnús Eggertsson**
Lífeyrisþegadeild Landssambands lögreglumanna. Bls. 4.
fundir / kjarasamningar / L.L. / launakerfi / lífeyrismál / Lífeyrisþegadeild L.L. / lög
46. **Gunnar Randversson**
Fréttir frá lögreglufélögum: Lögreglufélag Akureyrar. Bls. 5.
L.F.A. / söguleg umfjöllun
47. **Tómas Jónsson**
Fréttir frá lögreglufélögum: Lögreglufélag Suðurlands. Bls. 5.
húsasmíði / L.S. / söguleg umfjöllun
48. **Geir Jón Þórisson**
Fréttir frá lögreglufélögum: Lögreglufélag Vestmanneyja. Bls. 5.
L.L. / L.V.F. / lög / stofnsetning / umsóknir
49. **Pröstur E. Hjörleifsson**
Fréttir frá lögreglufélögum: Lögreglufélag Kópavogs. Bls. 6.
árshátíðir / knattspyrna / L.K.
50. **Daníel Guðjónsson**
Fréttir frá lögreglufélögum: Lögreglufélag Norðausturlands. Bls. 6.
Lögreglufélag Norðausturlands / söguleg umfjöllun
51. **T.J.**
Um yfirlögregluþjóna. Bls. 6.
kjaramál / launajöfnuður / R.L.R. / yfirlögreglumenn

52. *Heimsókn stjórnar finnska lögreglusambandsins til Íslands*. Bls. 6.
ferðalög / fundir / L.L. / S.P.L.
53. **Hrafn Marinósson**
Formannshlutur. Bls. 7.
kjaramál / kjaraskerðingar / vísitölur
54. **E.J.**
Endurmenntunarnámskeið. Bls. 7.
endurmenntun / L.L. / lögregluskólar / námskeið
55. **T.J.**
Þjálfun lögreglumanna. Bls. 7.
heilsufar / þjálfun
56. **Björn Sigurðsson**
Frá heimsókn að segja. Bls. 8-9.
D.K. / D.P./ Danmörk / ferðalög / námskeið / norræn samvinna / starfsemi /
vinnuaðstaða
57. **Ó.G.**
Fréttir frá Patreksfirði. Bls. 9.
Dómsmálaráðuneytið / fundir / L.L. / L.V. / Patreksfjörður
58. **Tómas Jónsson**
Starfsmenntunarráðstefna. Bls. 10.
endurmenntun / fyrirlestrar / kennslubækur/ L.L. / starfsmenntun
59. **Tómas Jónsson**
Um lífeyrismál o.fl. Bls. 11.
heilsufar / lífeyrismál / starfsaldur / starfslok / vaktavinna
60. **T.J.**
Af stjórnarfundum. Bls. 11.
fundir / L.L. / sérkjarasamningar
61. **Sævar Þ. Jóhannesson**
Um mannlýsingar. Bls. 12.
mannlýsingar / persónuupplýsingar / söguleg umfjöllun
62. **Ólafur K. Guðmundsson**
Jónas Jónasson, fyrrverandi formaður LL. Bls. 13.
L.L. / minningargreinar / stjórnendur

63. E.J.
Benedikt J. Þórarinnsson, yfirlögregluþjónn. Bls. 13.

minningargreinar / yfirlögreglumenn

64. Ó.G.
Lögreglumannatal. Bls. 14.

manntöl

65. *Nýbygging að Rauðarárstíg 16.* Bls. 14.

B.S.R.B. / fjöleignarhús/ húsakynni / L.L.

66. *Handbók lögreglumanna 1983.* Bls. 14.

lög / reglugerðir / uppsláttarrit

67. *Nýtt orlofshús á Eiðum.* Bls. 14.

Eiðar / L.L. / sumarhús

Landssamband lögreglumanna 20 ára : 1968-1988 : afmælisrit. 1. tbl. 1988.

68. Þorgrímur Guðmundsson
Landssamband lögreglumanna 20 ára. Bls. 6.

afmæli / kjaramál / L.L. / lögregluskólar / starfsréttindi / starfsmenntun

69. Halldór Ásgrímsson
Grettistak í menntunarmálum. Bls. 7.

skyldur / starfsmenntun

70. Tómas Jónsson
Drög að sögu. Bls. 10-14.

B.S.R.B. / húsakynni / kjaramál / L.L. / L.R. / lögreglufélög / stofnsetning / söguleg umfjöllun

71. Ögmundur Jónasson
Ávarp formanns BSRB. Bls. 15.

almenningsálit / B.S.R.B. / kjarabarátta / ræður

72. Hjalti Zophóníasson (Rétt Zóphóníasson)
Um bifreiðamál lögreglunnar. Bls. 16-17.

akstur / bílabúnaður / innkaup / lögreglubílar

73. Jóhannes Jensson
Hugleiðingar. Bls. 18-19.

B.S.R.B. / húsakynni / kjaramál / L.L. / lögreglufélög / starfsréttindi

- 74. Jóhannes Jensson**
Stjórnarfundur í Norræna lögreglusambandinu. Bls. 20-22.
ferðalög / fundir / N.P.I.F. / Þórsmörk
- 75. Rúnar Guðjónsson**
Ávarp. Bls. 23.
endurmenntun / ræður / skipulagsbreytingar / umdæmi
- 76. Jónas Magnússon**
Lögreglustöðvar. Bls. 24-26.
B.T.S. / húsakynni / lögreglustöðvar / vinnuaðstaða / vinnuvernd / öryggismál
- 77. Kristján Thorlacius**
Ávarp Kristjáns Thorlacius fyrrverandi formanns B.S.R.B. Bls.27.
B.S.R.B. / kjaramál / norræn samvinna / ræður
- 78. Óskar Þórmundsson**
Ávarp IPA. Bls. 28.
I.P.A. / ræður
- 79. Óskar Bjartmarz**
Íþróttasamband lögreglumanna. Bls. 29.
Í.S.L. / kjarabarátta / L.L. / þjálfun
- 80. Bjarki Elíasson**
Lögregluskólinn sjálfstæð stofnun. Bls. 30-31.
húskynni / kennarar / kennslubækur / lögregluskólar / reglugerðir / söguleg umfjöllun
- 81. Gylfi Thorlacius**
Bótaréttur. Bls. 32-33.
lög / skaðabótaréttur / tryggingar / vinnuslys
- 82. Dóra Hlín Ingólfssdóttir**
Kynnisferð til Osló. Bls. 34-35.
ferðalög / kynferðisafbrot / Noregur/ sífjaspell / starfsemi
- 83. Ómar Smári Ármannsson**
Forvarnarstarf lögreglu. Bls. 38-39.
afbrot / almannatengsl /forvarnir / slysavarnir / umferðarmál / utangarðsunglingar / vegalaus börn / vímuefnavarnir
- 84. Felix Jósafatsson**
Lögreglufélag Akureyrar. Bls. 40.
íþróttakeppni / L.F.A. / söguleg umfjöllun

- 85. Lárus Kjartansson**
Lögreflugfélag Norðausturlands. Bls. 42.
húsakynni / lögreglubílar / Lögreglugfélag Norðausturlands / lögreglustöðvar / umdæmi / vinnuaðstaða
- 86. Egill Ragnarsson**
Lögreflugfélag Austurlands. Bls. 44.
félagsstörf / L.A. / starfsemi
- 87. Heiðar B. Jónsson**
Lögreflugfélag Suðurlands. Bls. 44.
L.S. / söguleg umfjöllun
- 88. Gunnar Vilbergsson**
Lögreflugfélag Gullbringusýslu. Bls. 46.
félagsstörf / húsakynni / kjaramál / L.G. / lögreglustöðvar
- 89. Jóhannes Viggósson**
Lögreflugfélag Kópavogs. Bls. 46.
félagsstörf / L.K. / söguleg umfjöllun
- 90. Guðmundur Gígja**
Félag íslenskra rannsóknarlögreflumanna. FÍR. Bls. 48.
F.Í.R./ söguleg umfjöllun
- 91. Jón Pétursson**
Lögreflugfélag Reykjavíkur. Bls. 49.
húsakynni / L.R. / lögreglustöðvar / söguleg umfjöllun
- 92. Pálmi Þór Ævarsson**
Lögreflugfélag Akraness. Bls. 50.
íþróttakeppni / Lögreglugfélag Akraness / söguleg umfjöllun
- 93. Sveinn Ingi Lýðsson**
Lögreflugfélag Vesturlands. Bls. 51.
ágreiningur / húsakynni / íþróttafélög / Lögreglugfélag Vesturlands / lögreglustöðvar / skipulagsbreytingar / söguleg umfjöllun
- 94. Hlynur Snorrason**
Lögreflugfélag Vestfjarðar. Bls. 52.
L.V. / sjúkraflutningar / söguleg umfjöllun / verðlaun
- 95. Þorgeir V. Halldórsson**
Lögreflugfélag Suðurnesja. Bls. 53.
Flugstöð Leifs Eiríkssonar / L.S. / söguleg umfjöllun / umdæmi

- 96. Jóhannes Ólafsson**
Lögreglufélag Vestmannaeyja. Bls. 54.
L.V.F. / söguleg umfjöllun
- 97. Sveinbjörn Ragnarsson**
Lögreglufélag Norðvesturlands. Bls. 56.
L.N.V. / sögulega umfjöllun
- 98. Óli H. Þórðarson**
Við eigum samleið! Bls. 57.
afmæli / ræður / samvinna / umferðarmál
- 99. Magnús Eggertsson**
Lífeyrisþegadeild Landssambands lögreglumanna. Bls. 58.
félagsstörf / Lífeyrisþegadeild L.L. / söguleg umfjöllun
- 100. Gissur Guðmundsson**
Lögreglufélag Hafnarfjarðar. Bls. 58-59.
húsakynni / L.H. / L.L./ lögreglustöðvar / samvinna / söguleg umfjöllun
- 101. Björn Hermannsson**
Ríkistollstjóri. Bls. 63
afmæli / Ríkistollstjóri / ræður / samvinna
- 1989 - 1. tbl.**
- 102. Wilhborg, Sven** (Endursagt og staðfært J.S.M.)
Útdráttur úr erindi Sven Wilhborg á öryggismálaráðstefnu LL 2.-3. mars s.l. Bls. 4-10.
alnæmi / áfengisvandamál / einkennisbúningar / fjarskipti / hryðjuverk / húsakynni / ljósabúnaður / lög / lögreglubílar / skotvopn / smitsjúkdómar / sprengjur / streita / Svíþjóð / tækjabúnaður / vélhjól / vinnuaðstaða / vinnuvernd / öryggismál
- 103. Theódór Þórðarson**
Útdráttur úr erindi Theódórs Þórðarsonar, formanns BTS-nefndar LL. Bls. 11-14.
B.T.S. / bílabúnaður / fundir / hönnun / L.L. / lögreglustöðvar / skotvopn / tækjabúnaður / vinnuaðstaða / þjálfun
- [Jón Bjartmarz]**
- 104. Á að vopna íslensku lögreglunar?** Bls. 15-16.
próf / skotvopn / vopnaburður / þjálfun

